

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fegrunarsjóð Melstaðarkirkjugarðs, 16
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. febr. 1960. 23. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fegrunarsjóð Melstaðarkirkjugarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fegrunarsjóður Melstaðarkirkjugarðs, hann er stofnaður af ættingjum og vinum til minningar um Þuríði Þorvaldsdóttur, prests Bjarnarsonar á Melstað.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra og prýða kirkjugarðinn að Melstað, meðal annars á þann hátt að hlúa að og fegra gróður í kirkjugarðinum og einnig að lagfæra legsteina, hirða legstaði, sem engir nánir aðstandendur eru til þess að sjá um.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00 og má þann höfuðstól aldrei skerða. Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Vestur Húnavatnssýslu eða í ríkistrygðum skuldabréfum. Tekjur sjóðsins skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það skal verja hálfum vöxtum samkvæmt 2. grein, en leggja afgang vaxta við sjóðinn unz hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir það skal verja öllum vöxtum sjóðsins samkvæmt annari grein, en gjafir og áheit, og annað það er sjóðnum kann að áskotnast leggist við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00.

4. gr.

Aldrei má nota fé sjóðsins til þess að gera girðingu eða viðhalda girðingu utan um kirkjugarðinn, eða til þess að stækka hann.

5. gr.

Tekjur sjóðsins auk vaxta eru hvers konar gjafir, áheit og annað það fé er sjóðnum kann að hlotnast.

6. gr.

Sóknarnefnd Melstaðarsóknar hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins. Skal ársreikningur hans jafnan fylgja reikningi kirkjugarðsins á Melstað. Tekjum sjóðsins skal varið samkvæmt annari grein, þó er sjóðstjórn heimilt að leggja tekjurnar að nokkru eða öllu við höfuðstól, er þá geymast til framkvæmda síðar ef henta þykir.

Skipulagsskránni má breyta ef hún nær ekki tilgangi sínum, og skulu þá gera það umsjónarmaður kirkjugarða, formaður sóknarnefndar Melstaðarsóknar, sóknarprestur og prófastur Húnavatnsprófastsdæmis.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast staðfest af forseta Íslands og birt í B deild Stjórnartíðinda.

Svarðbæli, 1. des. 1958.

Í sóknarnefnd Melstaðarsóknar:

Björn G. Bergmann (formaður). Bjarni Sigurðsson. Gunnar Jónasson.

B 5